



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2024

MSS24110121

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 19.11.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um friðlýsingu Laugarnestanga

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að hefja undirbúning friðlýsingar Laugarnestanga sem fólkvangs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.
Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Það eru vonbrigði að borgarstjórn vísi tillögu um friðun Laugarnestanga sem fólkvangs til umhverfis- og skipulagsráðs til meðferðar. Eðli málsins samkvæmt hefði borgarstjórn átt að hafa hugrekki til að samþykkja tillöguna milliliðalaust og koma henni strax í formlega vinnu með fagfólki umhverfis- og skipulagssviðs og í samstarfi við Umhverfisstofnun. Ekki var hins vegar vilji til þess að senda skýr skilaboð um afstöðu borgarstjórnar til friðunar dýrmæts náttúru- og menningarminjasvæðis og verndunar lífbreytileika. Mikil vinna átti sér stað á síðasta kjörtímabili við að greina tækifæri til svæðisbundinnar náttúruverndar í Reykjavík og er friðun Laugarnestanga sem fólkvangs eitt af þeim. Forvinnan hefur því þegar farið fram og það eina sem stendur eftir er að taka skýra afstöðu til þess að Reykjavíkurborg vilji friða Laugarnestangann. Það varð hins vegar ekki raunin og því fór sem fór með þreklíttilli og máttvana afgreiðslu borgarstjórnar.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks taka jákvætt í hugmyndir um friðlýsingu Laugarnestanga en leggja þó áherslu á að útfærslan gangi ekki á stækkunarmöguleika Reykjavíkurborgarhafna. Mikilvægt er að tryggja höfnunum möguleika á frekari landfyllingum við Sundahöfn, ekki síst ef lega Sundabrautar mun að endingu ganga á hafnarsvæðið. Með auknum landfyllingum má efla núverandi hafnarstarfsemi og tryggja vaxtarmöguleika hafnanna til fyrirsjáanlegrar framtíðar.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:



Reykjavík



Flokkur fólksins er fylgjandi friðlýsingu Laugarnestanga svo og fjörum hans. Landfyllingar á þessu svæði og þar með eyðilegging fjörunnar eru framkvæmdir sem ekki á að líða. Með því að fylla fjörur er lífríki eyðilagt endanlega. Hvað er að fréttu af öllu tali meirihlutans um líffræðilegan fjölbreytileika þegar ákveðið er að fylla fjörur? Hugtökin líffræðilegur fjölbreytileiki er ofnotað af skipulagsyfirvöldum, eins konar tískuhugtak sem skipulagsyfirvöld kasta fram í tíma og ótíma. Skipulagsyfirvöld setja t.d. beð eða blómapott þar sem áður var bílastæði og státar sig af því að auka líffræðilegan fjölbreytileika í borgarlandinu. En hvað er líffræðilegur fjölbreytileiki, hver er skilgreiningin? Alþjóðlega hugtakið líffræðileg fjölbreytni vísar til fjölbreytni alls lífs á jörðinni og nær yfir breytileika innan tegunda, milli tegunda og meðal vistkerfa. Líffræðileg fjölbreytni er hið formlega heiti á hugtakinu en það er einnig kallað líffræðilegur fjölbreytileiki, lífbreytileiki og líffjölbreytni.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík